



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Sellókonsert og símfónía

27. nóvember 2014





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

### Áætluð timalengd verka:

*Fingalshellir: 11'00"*

*Sellókonsert: 30'00"*

*Sinfónía nr. 4: 32'00"*

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Sellókonsert og símfónía

Tónleikar í Eldborg 27. nóvember 2014 » 19:30

**Israel Yinon** hljómsveitarstjóri  
**Bryndís Halla Gylfadóttir** einleikari

**Felix Mendelssohn Bartholdy** *Fingalshellir, forleikur op. 26 (1832)*

**John Speight** *Sellókonsert (2003, frumflutningur)*  
*Libre ma lento*  
*Allegro non tanto*

Hlé

**Ralph Vaughan Williams** *Símfónía nr. 4 (1935)*  
*Allegro*  
*Andante moderato*  
*Scherzo: allegro molto*  
*Finale con epilogo fugato: allegro molto*

## Israel Yinon

hljómsveitarstjóri



Israel Yinon er þýskur hljómsveitarstjóri fæddur í Kfar Saba í Ísrael. Hann nam hljómsveitarstjórn og tónsmíðar við tónlistarháskólana í Tel Aviv og Jerúsalem á árunum 1981-1988. Meðal kennara hans voru Noam Sheriff og Mendi Rohan.

Auk þess að stjórna hefðbundnum tónverkum hefur Yinon leitað uppi og flutt gleymd og óþekkt verk, sér í lagi verk höfunda sem voru bönnuð í þriðja ríki Hitlers. Þeirra á meðal Hans Krása, Pavel Haas og Erwin Schulhoff en einnig verk þýsku expressjónistanna Hans Thiessen og Eduard Erdmann. Þá stjórnaði hann frumflutningi óperunnar *Manntafl* eftir rúmenska tónskáldið Violetu Dinescu á tónlistarhátíðinni í Schwetzingen árið 1995 en óperan er byggð á bók Stefans Zweig.

Israel Yinon hlaut verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda fyrir hljóðritanir sínar á hljómsveitarverkum Viktors Ullmann með Fílharmoníuhljómsveitinni í Brno en Ullman lést í fangabúðum nasista árið 1944. Síðan þá hefur Yinon stjórnað hljómsveitum á fjölmörgum geisladiskum, m.a. fyrir Decca, Deutsche Grammophon, Koch og CPO.

Yinon hefur í gegnum tíðina verið gestur margra þekktra hljómsveita, þar á meðal er BBC símfóníuhljómsveitin, Símfóníuhljómsveitin í Jerúsalem, Konunglega fílharmoníuhljómsveitin í Lundúnum, Konunglega flæmska fílharmonían í Antwerpen, NDR útvarpshljómsveitin í Hamborg, Vínarsímfónían og Þýska símfóníuhljómsveitin í Berlín.

Túlkun Yinons þykir bera vott um nákvæmni, næmni og virðingu fyrir verkefninu en um leið þrótt- og skapfestu.

Israel Yinon stjórnar nú Símfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.

## Bryndís Halla Gyldfadóttir

einleikari



Bryndís Halla Gyldfadóttir hefur um árabil verið í fremstu röð tónlistarmanna á Íslandi. Hún hefur starfað sem leiðandi sellóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1990 en auk þess verið afar virk sem einleikari og kammermúsikant hérlandis sem erlendis. Hún hefur margsinnis leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands bæði heima og heiman. Í júní árið 2006 lék hún sellókonsert Edwards Elgar á eftirminnilegum tónleikum í Háskólabíói undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.

Árið 2011 var Bryndís Halla sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar. Þá hefur hún hlotið Tónvakaverðlaun ríkisútvarpsins og Íslensku tónlistarverðlaunin hafa í þrigang fallið henni í skaut.

Bryndís Halla lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 undir leiðsögn Gunnars Kvaran og hélt í kjölfarið til frekara náms við New England Conservatory of Music í Boston, Massachusetts í Bandaríkjunum. Þar lærði hún hjá Colin Carr og Laurence Lesser. Hún lauk bæði bakkalár- og meistaragráðu frá skólanum, auk þess sem hún hlaut tvisvar sinnum styrk til þátttöku í hinni virtu tónlistarhátíð Tanglewood Music Center.

Bryndís Halla hefur komið fram á tónlistarhátíðum víða erlendis. Má þar nefna Kuhmo-hátíðina í Finnlandi, Oulunsalo Soi einnig í Finnlandi auk hátíða í Japan, Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Hún hefur leikið inn á fjölda geisladiska og tekið upp ógrynni af efni fyrir útvarp.

## Felix Mendelssohn Bartholdy

Fingalshellir - forleikur



Tónskáldið, píanóleikarinn og hljómsveitarstjórinn Felix Mendelssohn Bartholdy (1809-1847) var undrabarn í tónlist. Hann kom fyrst fram sem einleikari 9 ára gamall og samdi á bernskuárum sínum m.a. fimm óperur og ellefu sínfóníur. Tíu ára gamall innritaðist hann í tónlistarháskólann Singakademie í Berlín og stóð á tvítugu þegar hann stjórnaði *Matteusarpassíu* Bachs við skólann. Flutningurinn vakti mikla eftirtekt og leiddi til þess að tónlistarfélagið Philharmonic Society í London bauð Mendelssohn til Englands árið 1829. Í kjölfarið ferðaðist hann til Skotlands og hóf þar að vinna að 3. sínfóníu sinni.

Meðan á dvölinni stóð sigldi hann um Suðureyjar (The Hebrides) og skoðaði m.a. Fingalshelli á eyjunni Staffa. Á póstkorti sem Mendelssohn sendi systur sinni Fanny stendur: „svo að þú skiljir hversu djúp áhrif Suðureyjar höfðu á mig, sendi ég þér eftirfarandi sem kom upp í hugann á siglingunni“. Fyrir neðan gefur svo að líta upphafsstef forleiksins. Mendelssohn lauk við verkið 16. desember 1830 og nefndi það upphaflega *Die einsame Insel* eða *Eyðieyjuna*. Hann endurskoðaði verkið tveimur árum síðar og kallaði það þá *Die Hebriden* eða *Suðureyjar*. Sá titill og *Fingalshellir* eru samt notaðir jöfnum höndum yfir verkið.

Þess má geta að hellir þessi var á dögum Mendelssohns 11 metra hár og 61 metra djúpur og dregur nafn sitt af Fingal, aðalsögupersónu í skosku hetjukvæði frá 18. öld. Verkið var frumflutt í London 14. maí 1832 en meðal annarra verka á tónleikunum var forleikurinn að *Jónsmessunæturdraumi* sem Mendelssohn samdi aðeins 17 ára gamall.


---

### Tónlistin á Íslandi

Sínfóníuhljómsveit Íslands flutti forleik Mendelssohns um Fingalshelli í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu 8. maí 1956 og stuttu síðar á Akureyri og í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Stjórnandi var dr. Páll Ísólffson. Síðan þá hefur forleikurinn hljómað alloft í meðförum hljómsveitarinnar m.a. á Listahátíð í Reykjavík í Laugardalshöll árið 1978. Síðast heyrðist verkið í Háskólabíói haustið 1996 undir stjórn Lans Shui.

## John Speight

Sellókonsert



John Speight fæddist á Englandi. Hann stundaði söngnám við Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum á árunum 1964-72. Jafnframt lagði hann stund á tónsmíðar við sama skóla, undir handleiðslu B. Orr, og var í einkatímum hjá hinu þekktu tónskáldi Richard Rodney Bennett. Árið 1972 fluttist hann til Íslands og hefur verið búsettur hér síðan og er íslenskur ríkisborgari.

Eftir hann liggja margs konar tónsmíðar, stórar og smáar, allt frá einleiks- og einsöngsverkum upp í hljómsveitarverk. Önnur sinfónía Johns Speight var flutt á alþjóðlegu tónlistarhátíðinni ISCM – International Society for Contemporary Music árið 1992 og fimm sinnum hafa tónsmíðar hans verið fluttar á Norrænum músikdögum, þar af tvær sinfóníur ásamt kammerverkum.

Árið 1995 fékk John Speight listamannalaun til þriggja ára og dvaldi þá um eins árs bil í Bandaríkjunum þar sem hann samdi nokkur verk, meðal annars þriðju sinfóníu sína. Lagaflokkur við ljóð Emily Dickinson, *The Lady in White* var frumfluttur í New York árið 1997. Ári síðar var *Sam's Mass* fyrir blandaðan kór, sólósópran og óbó, sem samin var til minningar um ungan vin tónskáldsins sem lést af slysförum, frumflutt í Bretlandi. Sönghópurinn Schola Cantorum frumflutti verkið á Íslandi, í Hallgrímskirkju í janúar 1999. Árið 2004 var *Sam's Mass* flutt tvisvar af kórnum í Frakklandi - í París og á Ile de France tónlistarhátíðinni.

Sem söngvari hefur John haldið fjölda einleikstónleika, komið fram með mörgum kammerhópum og sungið ýmis óperu- hlutverk á íslensku sviði, bæði í Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Klarínnettukonsert Johns Speight var fyrsta verkið eftir hann sem hljómaði í meðförum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta var í mars 1984, einleikari var Einar Jóhannesson en Jean- Pierre Jacquillat stjórnaði flutningnum. Síðan þá hefur hljómsveitin flutt Sinfonia Trittico og Sinfóníur nr. 2, 3 og 4 eftir John en sú síðastnefnda var flutt á Myrkum músikdögum snemma árs 2008.*



Um verk sitt segir John Speight:

„Sellókonertinn er skrifaður fyrir Gunnar Kvaran en um það leyti sem fyrsta hugmynd að konsertinum var að fæðast, sá ég mynd af Gunnari þar sem hann var á leið í tónleikaferð um Evrópu. Það sem einkum fangaði athygli mína var að Gunnar og sellóið voru ein saman. Þetta kom mér til að hugsa um einmanalegt hlutverk listamannsins. Daglega fara margir klukkutímar í að æfa, læra verk eða semja. Tilvera tónlistarmanns er einkum einmanaleg þegar hann ferðast á milli tónleikastaða. Jafnvel þegar hann leikur með hljómsveit verður hann aldrei eiginlegur hluti af hinum stóra hópi heldur einungis gestur. Á sama tíma hafði ég heyrt mörg ný verk þar sem einleikarinn var svo þétt ofinn inn í tónvefinn að leikur hans var einungis sýnilegur en ekki heyranlegur. Þess vegna ákvað ég að sellóið, sem er eitt af uppáhaldshljóðfærum mínum, skyldi vissulega heyrast. Þannig eru margar einleiksstrófur í þessu tveggja kafla verki (hægt-hratt) sem á táknrænan hátt lýsa einmanalegu hlutskipti listamannsins.“



## Ralph Vaughan Williams

Sinfónía nr. 4



Vaughan Williams (1872-1958) fæddist í Gloucesterskíri á Englandi. Hann stundaði tónlistarnám í Royal College of Music og síðar sögu og tónlist í Trinity College í Cambridge þar sem heimspekingarnir G. E. Moore og Bertrand Russell voru skólafélagar hans og vinir. Þá snéri hann aftur til Royal College og einbeitti sér að tónsmíðanami hjá Hubert Parry. Þar kynntist hann Leopold Stokowski sem síðar gerði sér far um að flytja bandarískum tónlistarunnendum verk hans.

Fyrstu þrjár sinfóníur Vaughan Williams eru myndræn verk. Sú fyrsta ber heitið *Sjávarsinfónía*, þá kom *Lundúnarsinfónía* og þá þriðju kallaði hann *Sveitasinfóníu*.

Það var BBC sinfóníuhljómsveitin sem frumflutti 4. sinfóníuna árið 1935 og hlýddu áheyrendur agndofa á ágenga og á stundum ómstríða tónlistina sem var svo gjörólík öllu öðru sem þau þekktu frá hendi tónskáldsins. Hann viðurkenndi fúslega að sinfónían væri frábrugðin þeim fyrri: „Ég veit ekki hvort mér líkar hún, en ég meinti það sem ég skrifaði.“ Tveimur árum síðar stjórnaði Vaughan Williams sögulegri hljóðritun á verkinu með BBC hljómsveitinni fyrir His Master's Voice hljómplötuútgáfuna.

Sinfónían hefst á kröftugum hljómum sem líkjast angistarópi þar sem kynnt eru tvö afgerandi fjögurra nótna mótíf. Mikil spenna og ringulreið ríkir framan af fyrsta kaflanum en smám saman rofar til og tónvefurinn mýkist. Annar þátturinn er fremur innhverfur þar sem strengir og blásarar skiptast á að flytja framandleg stefin þar til sólóflautan lýkur þættinum alein. Síðari kaflarnir tveir eru samtengdir og byggja á tveimur meginstefjum. Undir lokin er óreiðan sem einkennir fyrsta kaflann snúin til baka og magnast upp í kræfustu ómstríður verksins áður en yfir lýkur.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður flutt sinfóníu eftir Ralph Vaughan Williams. Það var árið 2003 að sinfónía hans nr. 2, *Lundúnarsinfónían*, heyrðist í Háskólabíói undir stjórn eistneska hljómsveitarstjórans Tönu Kaljuste.

 @RVWSociety

# Hljómsveit á tónleikum

27. nóvember 2014

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Lin Wei  
Ágústa María Jónsdóttir  
Mark Reedman  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Roland Hartwell  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Greta Guðnadóttir  
Christian Diethard  
Þórdís Stross  
Kristín Björg Ragnarsdóttir

## VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Ásdís Runólfsdóttir  
Sarah Buckley  
Stefanía Ólafsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Auður Ingvadóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthias Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir  
Ella Vala Ármannsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótta- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri  
Monika Abendroth umsjónarmaður

# smurstöðin



---

## MÁ BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Á JÓLABALL?

---

*Smurstöðin er nýr og glæsilegur veitingastaður  
í Hörpu. Tilvalinn áningarstaður í hádeginu  
á aðventunni fyrir stóra sem smáa hópa.*

---




Á matseðlinum er lögð áhersla á smurbrauð með  
nýnorrænu yfirbragði þar sem íslenskt gæðahrá-  
efni nýtur sín til fulls — og býður bragðlaukunum  
hreinlega upp í dans.

---

# Jól og áramót með Sinfóníunni

Tryggðu þér miða á hátíðartónleika



   @icelandsymphony #sinfo14

## Aðventutónleikar

Fim. 4. des. » 19:30

Hátíðlegir tónleikar á aðventu þar sem hljómsveitarverk og konsertar Johanns Sebastian Bach koma öllum í notalega jólastemningu. Einleikarar eru Sigrún Eðvaldsdóttir og Nicola Lolli.

## Jólatónleikar

Lau. 13. des. » 14:00, 16:00

Sun. 14. des. » 14:00, 16:00

Jólatónleikar hljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi. Kynnir er trúðurinn Barbara.

## Vínartónleikar 2015

Fim. 8. jan. » 19:30

Fös. 9. jan. » 19:30

Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

Árlegir Vínartónleikar hljómsveitarinnar þykja ómissandi upphaf á nýju ári. Einsöngvarar eru Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes